

Nr. 23 007 S 003 Halldór Sigurðsson ÍS 14**Vélarvana með veiðarfærið í skrúfunni**

Skipaskr.nr. 1403
IMO
Smíðaður: M. BERNHARÐSON 1974, stál
Útgerð: Tjaldtangi ehf.
Stærð: 35 BT
Mesta lengd: 17.60 m Skráð lengd: 15,94 m
Breidd: 4.38 m Dýpt: 2.80 m
Vél: CATERPILLAR 240 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 2



Gögn:
Gögn RNSA
Gögn LHG

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. mars 2023 af Geirþúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. febrúar 2023 var Halldór Sigurðsson ÍS 14 að rækjuveiðum í Hestfirði inn af Ísafjarðardjúpi. Veður S 4 m/s.

Skipið fékk veiðarfærið í skrúfunu og varð vélarvana. Skipið var dregið til hafnar af björgunarskipinu Gísli Jóns.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Verið var að taka trollið og skipið rak yfir belginn sem fór í skrúfunu þegar hraði skipsins var aukinn.
- Skipverjar reyndu að losa belginn úr skrúfunni án árangurs.
- Skipið var á u.þ.b. 38 faðma dýpi og í 100 metra fjarlægð frá landi. Skipstjórinn greip til þess ráðs að slaka toghlerum í botn sem stöðvaði rek þess.
- Aðalavél var í gangi allan tímann og framleiddi rafmagn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.